

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8–10,
150 Reykjavík

Reykjavík 21. febrúar 2007

Efni: frumvarp til laga um mannanöfn, 339. mál, afnám mannanafnanefndar.

Íslenskri málnefnd hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um mannanöfn og óskað er eftir álitni nefndarinnar á því. Málnefndin á fulltrúa í mannanafnanefnd og er henni því bæði ljúft og skylt að verða við þessari beiðni.

Íslensk málnefnd leggst eindregið gegn þeirri breytingu sem lögð er til.

Athugasemd varðandi 1. gr. frumvarpsins:

Lagt er til að nær öll 3. gr. núgildandi laga sem snýr að mannanafnanefnd falli brott. Í stað þess eiga prestar, forstöðumenn trúfélaga eða þjóðskrá að vísa máli til dómsmálaráðherra ef viðkomandi aðilar telja að eiginnafn eða millinafn gangi gegn lögum. Þetta telur Íslensk málnefnd afar varhugavert. Reynslan hefur sýnt að ekkert eftirlit veldur því að sumir fá sínum málum framgengt hjá presti eða forstöðumanni trúfélags sem aðrir prestar eða forstöðumenn leggjast gegn. Prestar og forstöðumenn trúfélaga lenda í vanda og erindum til dómsmálaráðherra mun fjölga umtalsvert ef fara á að gildandi lögum.

Ákvæði um mannanafnanefnd hefur verið í lögum um mannanöfn frá 1991. Nefndin hefur frá upphafi haft gildandi lög að leiðarljósi og breytt eftir þeim þrátt fyrir þrýsting einstaklinga og ráðamanna í þjóðfélaginu. Mikil vinna hefur hvílt á henni og krefst sú vinna ríkrar þekkingar á íslenskri tungu og íslenskri nafnahefð ekki síður en á lögfræðilegri túlkun lagagreina. Málnefndin efast því um að dómsmálaráðherra, sem líta verður hér á sem samnefnara ráðuneytisins, geti séð um mannanöfn án þess að kalla til sérfræðing/sérfræðinga í íslensku máli, ef farið skal að lögum, og er þar þá orðin til ný nefnd.

Megingreinar mannanafnalaga, sem snúa að nafngjöf, eru 5. grein, sem fjallar um eiginöfn, og 6. grein sem fjallar um millinöfn. Engar tillögur eru gerðar til breytinga á

Þessum greinum. Dómsmálaráðherra verður því að fara að gildandi lögum um nafngjafir, taka tillit til eignarfallsendingar eiginnaafna, málkerfisins, ritháttar og hefðar, rétt eins og mannanafnanefnd hefur gert fram til þessa. Hann þarf líka að taka tillit til reglna um myndun millinafna, kanna hvort umbeðið millinafn sé dregið af íslenskum orðstofni eða hafi unnið sér hefð í íslensku máli og hann þarf að ganga úr skugga um að nafnið hafi ekki nefnifallsendingu, alveg eins og mannanafnanefnd hefur gert.

Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til þess að núgildandi lög hafi sætt mikilli gagnrýni, einkum hvað mannanafnanefnd og úrskurði hennar varði. Vissulega hafa fjölmiðlar gert sér mat úr niðurstöðum nefndarinnar og birt lista yfir nöfn sem samþykkt voru og þau sem hafnað var á fundum hennar en þeir slepptu því að geta rökstuðningsins því að þá hefði þúðrið farið úr fréttinni. Úrskurðir eru þó birtir og aðgengilegir þeim sem áhuga hafa á. Niðurstöður mannanafnanefndar eru ekki geðþóttaákvæðanir heldur styðjast við þau lög sem nefndinni er gert að fara eftir. Hvorki í greinargerðinni né í fréttum fjölmiðla koma fram öll þau mótmæli sem mannanafnanefnd fær að heyra um þau nöfn sem hún hefur samþykkt og almenningi líkar ekki. Þau eru ekki minni og vega ekki léttar en hinna sem komast að í fjölmiðlunum.

Í greinargerðinni segir: „Þess eru jafnvel dæmi að nöfnum hafi verið hafnað, enda þótt þau eigi sér langa sögu í íslensku samfélagi og tungu og hafi jafnvel tíðkast innan sömu fjölskyldu í margar kynslóðir.“ Í nafnalögum stendur: „Eiginnafn skal geta tekið íslenska eignarfallsendingu eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli.“ Þar er hins vegar ekki tekið á því hvað sé hefð og varð mannanafnanefnd að búa til reglur sem hún hefur farið eftir. Ekki kemur fram í greinargerðinni að flytjendur hafi kynnt sér þær reglur. Hafi nafn í raun tíðkast innan sömu fjölskyldu í margar kynslóðir fer það inn á hefð. Í slíkum dæmum fær mannanafnanefnd heimildir sínar frá Þjóðskrá þannig að ákvarðanir um hefðina eru ekki geðþóttaákvæðanir fremur en aðrar ákvarðanir nefndarinnar.

Í greinargerðinni er tekið fram að almennt skuli gert ráð fyrir að nöfn séu leyfð og að einungis „sérstakar aðstæður í undantekningartilfellum geti orðið til þess að ríkisvaldið komi í veg fyrir slíkt.“ Lögin leyfa ekki að nafngjafir fari fram eftirlitslaust. Ekki er unnt að velja nöfn sem stangast á við 5. og 6. gr. gildandi laga. Samkvæmt frumvarpinu eru þessar sérstöku aðstæður nafnleysur eða að nafn geti orðið nafnbera til ama. Höfnun nafns má aldrei ráðast af smekk þeirra sem með úrskurðarvaldið fara. Skýrar reglur verða að gilda eins og raunin er í lögum um mannanöfn. Amaákvæðið er eitt hið efiðasta í gildandi lögum og hefur því afar sjaldan verið beitt (Satanía, Lúsifer).

Þegar mælt var fyrir frumvarpinu 16. nóvember 2006 talaði þingmðurinn Björn Ingi Hrafnsson fyrir því. Þar kemur fram, og er haft úr fyrirlestri Hallfríðar Þórarinsdóttur mannfræðings, að „annars staðar, t.d. eins og í Bretlandi og Bandaríkjunum, séu nafngiftir ekki háðar lagasetningum.“ Þess láðist hins vegar að geta að nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum hafa lög um mannanöfn og hafa haft lengi. Danir samþykktu ný lög 2006, Svíar eiga lög frá 1982 með breytingum frá 2002 og Norðmenn vinna nú að endurskoðun sinna laga. Betra væri fyrir Íslendinga og íslenska málfélagið að fylgja í þessu máli frændþjóðunum fremur en Bretlandi og Bandaríkjunum.


Annað atriði, sem frummælandi nefndi, var að búið væri að banna nafnið Múli sem millinafn og nefndi Jón Múla sem dæmi. Í framsöguræðunni stendur „en það vill svo til að það er líklega eitt þekktasta millinafn í íslenskri tungu og tilheyrir frægum útvarpsmanni“. Jón Múli bar ekki Múli sem millinafn heldur sem annað eiginnafn af tveimur. Múli er að sjálfsögðu á mannanafnaskrá sem eiginnafn. Samkvæmt 6. gr. mannanafnalaga getur Múli ekki verið millinafn þar sem það hefur nefnifallsendingu og fellur því ekki að lagagreininni. Annað sams konar dæmi, sem flutningsmaður gat um, var Bjarnar og nefndur var blaðamaðurinn Jón Bjarnar. Bjarnar er á skrá yfir eiginnöfn en ekki á millinafnaskrá af sömu

ástæðu og Múli auk þess sem Bjarnar er ættarnafn. Það er nokkuð algengt að þeir sem ekki þekkja lögin vel rugli saman millinafni og síðara eiginnafni eða öðru eiginnafni af þremur og kalli hin síðarnefndu millinafn.

Flutningsmanni var tíðrætt um nafnið Blær og sagði: „Nú spyr ég mig hvers vegna Blær var skráð sem karlmannsnafn þegar stúlka bar það ein manna í þjóðskrá á þeim tíma.“ Því miður er þetta ekki rétt. Blær sem karlmannsnafn kemur fyrir a.m.k. snemma á síðustu öld og stúlkan sem fékk þetta nafn á sínum tíma er mun yngri en það. Blær var því sett á mannanafnaskrá sem karlmannsnafn, enda karlkynsorð og beygist sem slíkt, og allmargir karlar heita þessu nafni nú. Beygingin, sem flutningsmaður nefndi (Blær, Blæ, Blævi, Blævar), er tilbúin og kemur frá beygingarflokki karlkynsorða (sær, sæ, sævi, sævar). Fleiri atriði hefði mátt nefna úr framsöguræðunni þar sem misskilnings gætir en þessi verða látin nægja.

Lögin um mannanöfn hafa að mörgu leyti reynst vel. Þeim er ætlað að varðveita íslenskan nafnaforða eins og unnt er, málkerfið og beygingakerfið en um leið að opna fyrir nýjum nöfnum sem öðlast hafa hefð í málinu. Nöfn, eiginnöfn, millinöfn og reyndar öll önnur nöfn, eru og verða alltaf hluti orðaforðans og íslensks máls sem þjóðin á að láta sér annt um.

Virðingarfyllst,



Guðrún Kvaran

formaður Íslenskrar málnefndar